



Samp. 18/7 2000
 BYGGINGARFULLTRÚI
 DEKORATÍV OG EIRANNA KLASSÍK
 Hólmur Einarsson



Burðarvirki - Undirstöður Mk 1:50



Burðarvirki - Snið Mk 1:50

Skýringar:

Undirstöður eru steypar stúlur, þvermál 25 cm og steypur sökkulveggur 20 cm að breidd. Sökkullinn skal járnbinda með K10 c 20 cm lárétt og lóðrétt, í stúlur skal setja 4 stk. k 10 lóðrétt. Dregarar ofan á undirstöður skulu vera 2 stk. 50 x 200 mm. Gólfbitar skulu vera 50 x 150 mm með 600 mm millibili. Milli gólfbita komi músanet, texplötur eða masonite og 150 mm einangrun. Veggjagrind skal smíða úr 50 x 120 mm timburstöðum með 600 mm millibili. Einangrun í veggjum skal vera amk 100 mm þéttull. Utan á veggjum komi 9,0 mm krossviðsplötur til vindstýfinga, loftlistar og timburklæðning, kýtta skal í samskeyti á krossviðsplötum. Milligólf er úr 50 x 200 mm timburbitum sem koma með 600 mm millibili. Sperrur eru 50 x 150 mm með 600 mm millibili, einangrun í þaki skal vera 125 mm. Yfir stofu þar sem ekki er milliloft kemur togband 45 x 145 við aðra hverja sperru.

Festingar:

Festing A. Festing fyrir dregara ofan á undirstöður. Flatjárn 60 x 6 mm, 800mm langt. Flatjárnið standi 18 cm upp úr steypu, tvo 16 mm göt komi efst á járníð, beygja skal endann endann sem er ofan í steypunni. Dregarar festist við járníð með tveimur 16 mm boltum.

Festing B. Gólfbitar festist við dregara með vinklum, BMF 90 með styrkingu, eitt stykki á hvern bita í hvern dregara. neglt með 6 + 10 stk, k 40/40.

Festing C. Undirstykki veggja festast við gólfbita með gatagirði. Stoðir festist við undirstykki með vinklum BMF 90 eitt stk. á stoð, neglt með 6 + 6 stk, k 40/40.

Festing D. Skrúfa skal timburbita 50 x 200 mm við veggjastoðir. Bitar í milligólfi festast við hann með BMF sperruskóm 51 x 164 neglt með 2 x (6 + 6) stk, k 40/40.

Festing E. Sperrur festast ofan á veggjum með vinklum t.d. BMF 40312, tveir vinklar á hverja sperru, neglt með 2 x (6 + 6) stk, k 40/40.

Festing F. Sperrur skulu mætast í mæni. Festa skal þær saman með 12 mm krossviði beggja vegna límdum og skrúfuðum í sperrur.

Festing G. Togband yfir stofu festist undir sperru með 12 mm krossviði beggja vegna, límdum og skrúfuðum við sperrur og togband, eða við hlið sperru með 12 mm bolta og gaddaskinnu.

Breytt: 08.00 *Ljóni Spunlabergsson 280554-2867*